

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 25. ágúst 2025
Tilv. 2025-05-13-0481/4.2

Efni: Varðar Umsagnarbeiðni um stjórnsýslukæru nr. 75/2025 vegna ákvörðunnar meirihluta sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að heimila leyfi fyrir 30.000 m³ efnistöku úr Þjórsá

Með erindi sem Fiskistofu barst, þann 13. maí sl., óskar Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála eftir umsögn Fiskistofu vegna ákvörðunnar meirihluta sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að heimila leyfi fyrir 30.000 m³ efnistöku úr Þjórsá.

Fiskistofa telur ekki að umrædd efnistaka rúmist innan útgefins leyfis Fiskistofu vegna byggingar Hvammsvirkjunar, dags. 14. júlí 2022. Í skilyrðum fyrir leyfinu kemur fram að fyrir skuli liggja niðurstaða um áætlanir vegna úrbóta sem mögulega þarf að grípa til áður en raskað verði farvegi Þjórsár (skilyrði 2-7). Leyfi Fiskistofa hafi því ekki legið fyrir vegna umræddrar efnistöku.

Fiskistofa telur að umrædd efnistaka kunni að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Fyrir mistök hefur dregist að veita umsögn vegna ofangreinds. Beðist er velvirðingar á því.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

